
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2003-07
Fundartími:	Þriðjudagur 4. nóvember 2003 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Jarðvarmaspá
	2) Raforkunotkun á fyrstu 9 mánuðum ársins.
	3) Endurskoðun raforkuspár.
	4) Verkefni ársins 2004 og skipulag starfsins í nýju umhverfi.
	5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Guðmundur Guðmundsson Ólafur Pálsson Agnar Árnason Ólóf Nordal
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson

- 1) IB sýndi handrit að nýrri jarðvarmaspá og sagði að Jarðvarmahópurinn mundi vonandi afgreiða spána frá sér á morgun.
- 2) JV fór yfir töflur á heimasíðu nefndarinnar um raforkunotkun á fyrstu 9 mánuðum ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 0,1% frá fyrra ári. Flutningstöp hafa aukist um 11,1% og eigin notkun Landsvirkjunar hefur minnkað um 1,5%. Stórnotkun minnkar um 0,4% og almenn notkun með notkun Landsvirkjunar minnkar um 0,1%. Forgangsorka minnkar um 2,2% og sala á ótryggðri orku jókst um 13,6%. Þriðji ársfjórðungur var hlýrri en á síðasta ári eða 11,2°C í stað 10,1°C og hafa allir ársfjórungar verið hlýrri en á síðasta ári. Aukning notkunar er meiri eftir hitastigsleiðréttingu. Leiðrétt notkun almennrar forgangsorku minnkar um 0,2% á fyrstu níu mánuðum ársins. JV sagði að aukningin á þriðja ársfjórðungi væri þó meiri en á fyrri helmingi ársins. Mikil breyting er því í aukningu raforkunotkunar og greinilegt að hagvöxtur er lítill. Hann fjallaði um þróunina hjá einstökum veitum á fyrstu níu mánuðunum og er

aukningin í forgangsortku eftirfarandi: Suðurnes (-0,8%), Hafnarfjörður (6,0%), Orkuveita Reykjavíkur (1,2%), Rafmagnsveitur ríkisins (-5,9%), Norðurorka (-1,0%) og Orkubú Vestfjarða (-5,0%). GG benti á að það vantaði vinnslu Rafmagnsveitna ríkisins í varastöðvum á þessu ári og JV sagðist einnig hafa sett kaupin frá Andakíl þau sömu og í fyrra á þriðja ársfjórðungi.

- 3) IB fjallaði um notkun á rafmagni við byggingu Kárahnjúkavirkjunar en sú notkun er áætluð eftirfarandi:

2004	60,6 GWh
2005	72,6 GWh
2006	36,4 GWh

Einnig hefðu fengist tölur frá Rarik um áætlaða notkun við byggingu álvers. Fundarmenn voru sammála um að þær tölur virtust 10 sinnum og háar.

JV fjallaði um fyrstu niðurstöður raforkuspárinnar og þar kemur fram aukin notkun vegna þessara framkvæmda.

- 4) Fundarmenn ítrekuðu að huga þyrfti að skipulagi hópsins í nýju umhverfi sbr. raforkulög. GG nefndi hvort fara ætti aftur í gamla skipulagið og vera með sérstaka raforkuspárnefnd.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:50. Næsti fundur ákveðinn 7. desember 2003.

Jón Vilhjálmsson

Farið var yfir á heimasíðu Orkuspárnefndar:

- Tölflur um raforkunotkun á fyrstu 9 mánuðum ársins. (JV)